

Ársskýrsla fagdeildar fjölmenningsráðgjafa 2022-2023

Síðastliðið starfsár hafa eftirfarandi verið í fagraði Fagdeildar fjölmenningsráðgjafa:

Elísabet Gunnarsdóttir, Jóhanna Vilborg Ingvarsdóttir, Helena Wolimbwa, Hildur Aðalsteinsdóttir, Ægir Sigurðsson, Edda Ólafsdóttir og Jódís Bjarnadóttir.

Reglulegir fundir hafa verið haldnir þar sem tímanum hefur að mestu verið varið í að skipuleggja viðburði á vegum fagdeildarinnar.

Þann 24. nóvember sl. hélt fagdeildin málþing á Grand hótél en yfirskrift málþingsins var *Heimurinn er hér – um málefni flóttafólks á Íslandi*. Húsfyllir var á málþinginu og skapaðist góð og gagnleg umræða um málefni flóttafólks á Íslandi.

Fagdeildin stóð einnig fyrir málstofu á Félagsráðgjafabínginu í febrúar síðastliðnum en þar var fjallað um þrjár íslenskar rannsóknir um stöðu flóttafólks í íslensku samfélagi.

Í bígerð er vinnustofa næsta haust þar sem að aðilar frá IMDI (Integrerings- og mangfoldsdirektoratet) í Noregi munu koma til landsins og fræða okkur um móttöku flóttafólks í Noregi.

Fagdeildin áætlar að boða til fundar í maí þar sem næsta starfsár verður skipulagt.

F.h. fagdeildar Fjölmenningsráðgjafa
Jódís Bjarnadóttir